



Fundargerð 90. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 26. febrúar 2015 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Sævar Örn Kristjánsson, Gunnar S. Gunnarsson, Gylfi Ingvarsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Jón Jóhannsson og Brynjólfur Árnason

Í gegnum fjarfundabúnað: Andrés Bjarnason

Fjarverandi: Guðmundur Helgi Þórarinnsson og Guðmundur Sigurvinsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 89. Fundargerð samþykkt og undirrituð.

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála.

- Endurskoðunin er komin á fullt, ársskýrslan er að verða tilbúin og fer í póst tímalega fyrir aðalfund. Næsti fundur verður 19. mars og þá mætir endurskoðandi og verða reikningar félagsins undirritaðir
- Þáttaröðin um kynningu á iðngreinum sem rætt var um á síðast fundi fer ekki í framleiðslu vegna lítillar þátttöku.
- Svo virðist sem gera eigi alvöru úr málshöfðun á hendur félaginu vegna nafnabreytingarinnar á Akki. Lögmaður VM mun sjá um málið fyrir félagið.
- Búið er að kaupa nýjan bíl fyrir umsjónarmann orlofshúsa og merkja hann félaginu.
- Verið er að vinna í málunum með fjölmiðlafulltrúann, höldum okkar striki þó svo að iðnaðarmannafélagin ætli að fara saman í kjarasamningavinnuna.
- Viðræður eru hafnar við Ísal vegna nýs kjarasamnings.
- Merkur áfangi náðist þegar undirritað var samkomulag um samvinnu og sameiginlegar kröfur iðnaðarmannafélaganna í komandi kjarasamningum. Eins og málin hafa þróast er nauðsynlegt að mynda þessa samstöðu, nú eru fjórar fylkingar SGS, Flóinn, VR og iðnaðarmenn.
- Fundur var með SA og ASÍ þar sem hugmyndafræðin var kynnt, þetta var góður fundur með SA og voru þeir sammála mörgu. Síðan var fundur í samninganefnd ASÍ þetta er í fyrsta skipti í 100 ára sögu ASÍ sem iðnaðarmannasamfélagið er sameinað í kröfum.

Spurt var hver staðan væri í viðræðum við orkugeirann. Búið er að funda með OR, Landsvirkun og HS Orku og nú væri bara bið. Þeir vildu örugglega sjá fyrst hvernig samningi verði landað við SA.

3. **Umsýsla sjúkrasjóðs og rekstur íbúða.** Lögð voru fram 4 skjöl um umsýslu og rekstur á orlofsíbúðum. Búið er að skilgreina eignirnar, hver á hvað og hvernig rekstrinum er háttað. Skjölin verða svo undirrituð af viðkomandi stjórnnum.
4. **Aðalfundur VM 27. mars.**
 - a) **Uppstillingarnefnd:** Lögð fram tillöga að uppstillingarnefnd. Ekki hefur náðst í 2 af listanum til að fá staðfest hvort þeir vilji vera áfram en verið er að vinna í því. Óskað vareftir tillögum frá stjórnarmönnum. Þær voru engar og var þetta samþykkt með fyrirvara um þessa 2 sem ekki er búið að ná í.
 - b) **Stjórnarlaun:** (þennan lið gleymdist að setja inn í dagskrána). Formaður sagði að þar sem engar launahækkningar hafi verið síðan á síðasta aðalfundi þá væri hans tillaga að launin héldust óbreytt. Hugmynd kom um að setja inn tillögu um að stjórnarlaun fylgi launahækkunum í samningi VM við SA. Það var samþykkt.
 - c) **Gullmerki VM:** 5 aðilar voru sæmdir gullmerki VM á síðasta aðalfundi. Formaður kallaði eftir tillögum um það hverja ætti að sæma merkinu á næsta fundi. Nokkrar tillögur komu fram en að lokum var ákveðið að sæma fjóra aðila merkinu að þessu sinni. Þeir sem hljóta gullmerki VM á aðalfundi 2015 eru: Guðmundur Lýðsson, Jóhannes Halldórsson, Haraldur G. Samúelsson og Páll Magnússon.
 - d) **Reglugerðarbreytingar:** Engar reglugerðarbreytingar hjá félaginu að þessu sinni en það verða einhverjar hjá sjúkrasjóðnum..
 - e) **Akkur – Kjörstjórn – uppstillinganefnd:** Kjósa þarf nýja stjórn Akks, allir sem sitja í henni núna gefa kost á sér áfram. Fundarmenn voru sáttnir við það. Formaður stakk upp á Halldóri og Vigni í kjörstjórn, Halldór sem aðalmaður og Vignir til vara. Formaður verður svo skipaður af ASÍ. Þetta var samþykkt. Formaður stakk upp á að Guðni Gunnarsson yrði fundarstjóri og Gylfi yrði Guðna til halds og trausts og var það samþykkt. Einnig var samþykkt að stinga upp á Halldóri sem fundarritara. Einnig var rætt um að mikilvægt væri að lögfræðingur félagsins yrði viðstaddur fundinn.
5. **Tillögur vegna Gildis Lífeyrissjóðs.** Farið var lauslega yfir þessar tillögur en ákveðið var að hafna þeim. Þetta eru of miklar breytingar og of stór atriði til að samþykkja án þess að hafa farið vel yfir málið.
6. **Verklagsreglur við rafrænar atkvæðagreiðslur.** Lagt fram til kynningar. Lögfræðingur ASÍ tók þetta saman.
7. **Útgreiðslur úr verkfallssjóði VM.** Á síðasta fundi var mynduð framkvæmdarnefnd fyrir vinnudeilusjóð. Þessi nefnd er búin að hittast og niðurstaða þess fundar var að erfitt er að formgera á þessum tímapunkti. Komi til vinnustöðvunar verðu farið í að formgera.
8. **Kjarakönnun VM – fyrirkomulag.** Á stjórnarfundum hafa komið athugasemdir varðandi framkvæmd könnunarinnar. Kallað var eftir ábendingum um hverju þarf að

breyta og hvað þarf að bæta. Eitt er að mönnum hefur fundist könnunin/kannanirnar of umfangsmikið, en erfitt er að klippa þetta í sundur.

9. Lagt fram til upplýsinga: Lögð var fram beiðni um styrk vegna heimildarmyndar um vita á Íslandi. Beiðninni var hafnað. Hann lagði líka fram yfirlýsingu sem send var frá VM, FFSÍ og SSÍ og þakkarbréf frá mæðrastyrksnefnd vegna styrksins fyrir jólin.

10. Önnur mál: engin önnur mál voru nema myndataka af stjórn til að setja í ársskýrsluna.

Fundi slitið kl. 12:40